



Námsáætlun

LÍFF1gá05 vorönn 2021

Kennari: Guðbjörg Guðjónsdóttir (guðbjorgg@fq.is)

Kennslugögn: Valdir kaflar úr bókinni **Lífið, líffræði fyrir framhaldsskóla** eftir M.B. Roberts auk lesefnis frá kennara á Innu.

Vika	Yfirferð	Bls. í bók	Próf /Verkefni	
1. 24.-26.2.	Rannsóknir í líffræði Einkenni lífvera	2-4 6-9	Fóðurtílaun	
2. 1.-5.3.	Flokkun Nafngiftir og greining	10-21 10-11	Flokkunarverkefni Plöntugreining Smásjárskoðun	
3. 8.-12.3.	Frumverur, malaría Gerlar (bakteríur) Veirur	22-23 118-120 24-25 26-27	Verkefni um malaríu Gerlaræktun/skýrsla	Úrsagnareindagi 9.mars
4. 15.-19.3.	Sveppir Rotnun	28 88-89	Verkefni um sveppi og rotnun	Námsmatsdagur 19. mars
5. 22.-26.3.	Nytsemi örvera Skemmdir á matvælum	106-111	1.próf Matarsýkingar	Miðannarmat
29.3. - 6.4.	Páskafrí			
6. 7.-9.4.	Örverur og sjúkdómar	112-117	Verkefni um sýkla o.fl.	Miðannarmat
7. 12.-16.4.	Sníkjudýr Skordýr til góðs og ills	122-125 Lesefni á Innu 128-131	Sníkjudýraverkefni Verkefni um skordýr	
8. 19.-23.4.	Næringarfræði Æxlun lífvera Kynlaus æxlun	146-147 150-157 322-325 380-383	Næringarfræðiverkefni Vítamín og steinefni	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
9. 26.-30.4.	Kynæxlun Æxlun mannsins	360-367 338-359	Verkefni um æxlun	Námsmatsdagur 28.apríl
10. 3.-7.5.	Blómplöntur og æxlun blómplantna	368-371	Verkefni um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma	
11. 10.-14.5.	Aldin og fræðreifing	376-379	Blóm og aldin – verkefni 2. próf	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18.5.	Blóm og aldin			

Athugið að námsáætlunin er áætlun og getur tekið breytingum. Sjúkrpróf er 21. maí.

Námsmat:

- 1) Tvö próf á önninni 40% (20% hvort)
- 2) Ýmis verkefni 50%
- 3) Ástundun, verkefni sem eru unnin í tímum og heima 10%.

Ekkert lokapróf er í áfanganum. Til að nemandi standist áfangann verður meðaltal prófa á önninni að ná 4,5. Einkunnir fyrir verkefni og ástundun reiknast ekki með í lokaeinkunn ef meðaltal prófa er undir 4,5.

ATH! Lokaeinkunn þarf að vera a.m.k. 5 til að nemandi standist áfangann.



Próf og verkefni

Tvö próf verða á önninni og gilda 20% hvort. Meðaleinkunn þessara prófa þarf að vera a.m.k. 4,5 til að nemandi nái áfanganum. Ef nemandi kemst ekki í próf vegna veikinda ber honum að tilkynna það samdægurs á skrifstofu skólans. Þeir nemendur sem eru með skráð veikindi eða leyfi í Innu fá að taka sjúkrapróf. Sjúkrapróf eru á næstu námsmatsdögum á eftir prófi.

Verkefnum skal skilað fyrir auglýstan skilafrest sem birtur er á Innu. Dregið er niður um 1,0 fyrir hvern dag sem skil dragast í þrjá daga. Eftir það er ekki tekið við verkefninu og nemandi fær einkunnina 0. Sum verkefni eru tímaverkefni og þeim skal skilað í lok kennslustundar. Ekki er tekið á móti verkefnum í tölvupósti.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu, verkefnaskilum og að afla sér upplýsinga um það sem gerist í þeim kennslustundum sem þeir missa af.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu** og skilning á:

- byggingu og starfsemi örvera (veira, gerla (baktería), frumdýra og sveppa).
- samspili örvera við aðrar lífverur í náttúrunni.
- notagildi örvera og skaðsemi þeirra
- helstu sjúkdómum í mönnum, orsökum þeirra og vörnum gegn þeim.
- undirstöðu í næringarfræði.
- æxlun manna og getnaðarvörnum.

Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- þekkja muninn á ólíkum örverum og gera grein fyrir gagnsemi, nytsemi og skaðsemi þeirra í náttúrunni.
- leita sér heimilda á netinu og í bókum og nýta þær til að leysa verkefni.
- nota smásjár og víðsjár.
- fjalla um álitamál.
- greina lífverur eftir greiningarlyklum.

Nemandi skal geta **hagnýtt** þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lifa heilbrigðu lífni.
- velja sér getnaðarvarnir.
- koma í veg fyrir að matvæli skemmist af völdum örvera og komast hjá matarsýkingum.
- greina einkenni ýmissa sjúkdóma af völdum örvera, sníkjudýra og næringarskorts og þekkja til forvarna og meðhöndlun sjúkdóma.
- velja sér holla og næringarríka fæðu og forðast óhóf.